

Ávarp rektors

Lokahóf og útskrift Nýsköpunarhraðals HÍ – AWE

Föstudaginn 12. maí 2022 kl. 15

Forsætisráðherra, sendiherra Bandaríkjanna, kæru þátttakendur, góðir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á lokahóf og útskrift Nýsköpunarhraðals Háskóla Íslands fyrir konur undir merkjum *Academy for Women Entrepreneurs*, eða AWE, sem Háskóli Íslands stendur fyrir, nú í þriðja sinn, í samstarfi við sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi. Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að efla nýsköpun í íslensku efnahagslífi og að sama skapi auka hlut kvenna á þeim vettvangi. Háskóli Íslands vill þar gjarnan leggja sitt af mörkum.

20 konur eru í dag að ljúka hraðlinum eftir að hafa farið saman í gegnum dagskrá hans sl. tæpar 12 vikur. Hafa þátttakendur lokið Dreambuilder, vefnámskeiði á vegum Arizona State University, ásamt því að hafa farið í gegnum vinnulotur sem Háskóli Íslands stóð fyrir í samvinnu við fjölda sérfræðinga innan og utan Háskólans, þ.m.t. úr hópi félaga í FKA; Félagi kvenna í atvinnulífinu. Þá hafa þær Fida Abu Libdeh, forstjóri og annar stofnenda GeoSilica og Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch, framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, miðlað af miklu örlæti sinni reynslu sem mentorar í gegnum námskeiðið. Að auki fengum við í ár um 40 reynslumiklar konur, úr atvinnulífinu og fyrrum þátttakendur í hraðlinum, til að styðja við keppendurna með fundum og leiðsögn. Kunnum við þeim öllum miklar þakkir fyrir.

Úrslit verði kynnt hér á eftir um þrjár bestu viðskiptaáætlanirnar og bestu lyftukynninguna auk mestu framfaranna en í raun þá hafið þið allar sigrað. Þið voruð valdar úr hópi 70 umsókna og þið hafið síðan sýnt seiglu, lagt á ykkur miklu

vinna og þróað áfram ykkar viðskiptahugmyndir og fyrirtæki. Ég óska ykkur innilega til hamingju með ykkar árangur og óska ykkur góðs gengis við að fylgja eftir draumum ykkar.

Dagskráin hér í dag verður á þá leið að fyrst mun Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segja nokkur orð. Næst fer fram hin eiginlega útskrift hraðalsins. Við Carrin Patman, sendiherra Bandaríkjanna, munum afhenda þátttakendum skírteini hér á sviðinu. Hún mun svo segja nokkur orð að því loknu. Þá tekur Þórunn Guðlaugsdóttir við en hún mun segja nokkur orð fyrir hönd þátttakenda hraðalsins. Næst mun formaður dómnefndar Marta Hermannsdóttir taka við, og kynna sigurvegara þriggja bestu viðskiptaáætlananna og bestu lyftukynninguna. Sandra Mjöll mun svo kynna þann þátttakenda sem hefur tekið mestum framförum.

Að lokum slítum við athöfninni með því að horfa á stutt myndband um vegferð keppendanna í gegnum hraðalinn.

En nú fyrst bið ég Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra að koma hér upp á svið og ávarpa okkur.